

71

8. ágúst

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Ísrael.

Með erindaskiptum milli sendiráða Íslands og Ísrael í Stokkhólmi, dags. 11. og 12. júní 1957 var viðskipta- og greiðslusamningur Íslands og Ísrael frá 18. maí 1953 (Stj.tíð. A. 60/1953) framlengdur óbreyttur til 18. maí 1958.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 8. ágúst 1957.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

72

8. ágúst

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Hinn 15. júlí 1957 var undirrituð í Bonn bókun um framlengingu viðbótar-samkomulags frá 30. júní 1955 um viðskipti milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands á grundvelli viðskiptasamnings frá 20. maí 1954 (Stj.tíð. A. 89/1955). Gildir framlengingin til 30. júní 1958.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 8. ágúst 1957.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

73

6. sept.

AUGLÝSING

um löggilding viðauka við lyfjaskrá.

Samkvæmt tillögum heilbrigðismálaráðuneytis hefur forseta Íslands, hinn 12. ágúst 1957, þóknast að ákveða, að upphaflegur lausblaðaviðauki, Addendum til Pharmacopoea Danica 1948 1—12—1953, við gildandi lyfjaskrá hér á landi (Pharmacopoea Danica 1948, Editio IX, sbr. auglýsingu nr. 72 14. júlí 1950), svo og þrjár síðari viðaukar, 1—12—1954, 1—6—1956 og 1—12—1956, skuli löggiltir til notkunar á Íslandi frá 1. október 1957, enda kynni heilbrigðismálaráðuneytið læknum og lyfsölum löggilding viðaukanna með nauðsynlegum skýringum.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 6. september 1957.

Hannibal Valdimarsson.

Baldur Möller.